

Ed.

665. Frumvarp til laga

[248. mál]

um breyting á lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í hverjum kaupstað og kaптúni með 300 íbúa skal starfrækt vinnumiðlun. Heimilt er sveitarfélögum, sem hafa sameiginlegan vinnumarkað, að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annast öll störf vinnumiðlunar á svæðinu.

2. gr.

f-liður 3. gr. laganna falli niður og stafliðir greinarinnar breytast í samræmi við það.

h-liður, sem nú verður g-liður, orðast þannig:

að annast atvinnuleysisskráningar og láta launþegum, sem óskað hafa aðstoðar við vinnuráðningar, í té vottorð um atvinnu þeirra eða atvinnuleysi það tímabil, sem þeir hafa verið skráðir sem umsækjendur um atvinnu, enda leggi þeir fram vottorð frá vinnuveitendum um vinnutímabil og launagreiðslur, sbr. 5. gr.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Vinnuveitendur skulu og láta launþegum í té vottorð um vinnustundafjölda, sundurliðað eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á því tímabili, sem óskað er, innan 12 síðustu mánaða. Í vottorði þessu skal enn fremur upplýsa um launagreiðslur á þeim tíma, sem vottorðið tekur til. Enn fremur er vinnuveitendum skylt að tilkynna vinnumiðlun, hverjir neita vinnu á atvinnuleysistímabilinu. Slík neitun jafngildir, að umsækjandi neiti vinnu, sem vinnumiðlun býður honum.

4. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verði 6. gr., sem orðist svo:

Sérhver launþegi, sem óskar aðstoðar vinnumiðlunar, skal snúa sér til vinnumiðlunar í sínu sveitarfélagi. Dvelji hann utan sveitarfélags síns í sveitarfélagi, sem lög þessi taka til, getur hann snúið sér til vinnumiðlunar þar sem umsækjandi um atvinnu. Vinnumiðlun dvalarsveitar sendir vinnumiðlun heimilissveitar þá tilkynningu um skráninguna hverju sinni, sem launþeginn lætur skrá sig. Jafnframt skal litið á slíkan umsækjanda sem umsækjanda um atvinnu í heimabyggð sinni.

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið lætur gera nauðsynleg eyðublöð til afnota við framkvæmd laga þessara, þar á meðal eyðublöð fyrir kaupgjaldsskrár og vottorð vinnuveitenda, sbr. 5. gr. Útbúa skal sameiginlegt eyðublað fyrir skráningu hjá vinnumiðlun og umsókn um bætur til úthlutunarnefndar, sem vinnumiðlun ritar í þírítí. Tvö eintök skal senda hlutaðeigandi úthlutunarnefnd eða verkalýðsfélagi, en vinnumiðlun heldur þriðja eintakinu.

Eyðublöð, samkvæmt lögum þessum, skulu afhent hlutaðeigendum ókeypis.

6. gr.

Greinatala laganna raskast þannig, að 6. gr. verður 8. gr. og síðari greinar samkvæmt því.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 1969, skipaði félagsmálaráðherra fjögurra manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun. Nefndinni var falið að leita álits þeirra aðila, sem mesta reynslu hafa við framkvæmd téðra laga.

Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir menn: Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, tilnefndur af því, Eðvarð Sigurðsson, alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi isl. sveitarfélaga og Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem skipaður er í nefndina án tilnefningar og var jafnframt skipaður til að vera formaður hennar.

Nefndin hefur setið marga fundi með ýmsum fulltrúum úr úthlutunarnefndum og aðilum, sem annast hafa vinnumiðlun í Reykjavík og nágrenni. Nefndin hefur einnig haldið fund með Stefáni Bjarman, sem annast hefur í langan tíma vinnumiðlun í Akureyrarkaupstað, og Óskari Garibaldasyni, sem verið hefur formaður úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta í Siglufjarðarkaupstað undanfarin ár. Á þessum fundum hefur nefndin fengið ýmsar ábendingar og tillögur til úrbóta á núgildandi löggjöf um vinnumiðlun. Við samningu þessa frumvarps hafði nefndin hliðsjón af ábendingum þeim og tillögum, sem framangreindir aðilar létu henni í té.

Nefndin telur nauðsynlegt, að breytingar þessar nái fram að ganga nú á þessu þingi í sambandi við afgreiðslu annars frumvarps frá nefndinni, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Nefndinni hefur ekki enn unnizt tími til að ljúka heildarendurskoðun þessara laga. Verður því að líta á breytingartillögur þessar sem bráðabirgðabreytingar. Nefndin telur nauðsynlegt að breyta ýmsum ákvæðum í lögnum, sem þetta frumvarp fjallar ekki um, en gerir ráð fyrir áframhaldandi endurskoðun laganna, og vill stefna að því að ljúka henni sem fyrst.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir heimild til handa sveitarfélögum, sem fleiri saman hafa sameiginlegan vinnumarkað, að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annast öll störf vinnumiðlunar á svæðinu. Notkun slíkrar heimildar virðist einkum koma til álita hér á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneshreppur hafa öll sameiginlegan vinnumarkað. Það ætti að geta verið mikil hagræðing, ef þessi sveitarfélög gætu samið um sameiginlega vinnumiðlun, sem annast öll störf vinnumiðlunar á þessu sameiginlega vinnumarkaðssvæði.

#### Um 2. gr.

Hér er lagt til að ákvæði f-liðs 3. gr. gildandi laga verði numið úr gildi. En þar er ráð fyrir því gert, að hlutverk vinnumiðlunar sé að annast atvinnuleysisskráningar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert og láta auk þess fara fram atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum sveitarstjórnar eða félagsmálaráðherra. Svo virðist sem ákvæði þetta hafi orsakað nokkurn misskilning á hlutverki vinnumiðlana í landinu. Vegna þess, að vottorð vinnumiðlunar eru grundvöllur fyrir bótagreiðslum atvinnuleysistrygginga, er nauðsynlegt, að þær annist skráningu, hvenær sem atvinnulaus maður óskar eftir henni. Sumar sveitarstjórnir virðast hafa álitid, að nægilegt sé að auglýsa, hvenær þær ætli að skrá atvinnuleysingja í sínu sveitarfélagi. Líklegt er, að þetta ákvæði hafi orsakað þennan misskilning. Það er því lagt til að ákvæðið verði numið úr lögnum.

Í seinni málsgrein þessarar greinar er lagt til að þeir, sem óska atvinnuleysisskráningar og aðstoðar við vinnuráðningu, skuli leggja fram vottorð frá vinnuveitendum um vinnutímabil og launagreiðslur, sbr. næstu grein.

### Um 3. gr.

Lagt er til, að í stað 2. mrg. 5. gr., sem fjallar um eyðublöð, sbr. 5. gr. frv., komi ákvæði, sem gera ráð fyrir því, að vinnuveitendur láti launþegum í té vottorð um vinnustundafjölda, sundurliðað eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á því tímabili, sem óskað er, þó ekki fyrir lengri tíma en síðustu 12 mánuði. Í vottorðinu skal enn fremur upplýsa um launagreiðslur á þeim tíma, sem vottorðið tekur til. Lagt er til, að sú skylda verði lögð á vinnuveitendur að tilkynna vinnumiðlun hverjir neita vinnu á atvinnuleysistímabilum. Þó að gera megi ráð fyrir, að skylda þessi verði ekki alveg rækt af öllum vinnuveitendum, þykir þó rétt að setja slíkt ákvæði í lög, sem vænta mætti að gæfi nokkurt aðhald í þessu efni.

### Um 4. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að launþegi eigi aðgang að vinnumiðlun á dvalarstað sínum. Jafnframt er svo til ætlað, að vinnumiðlun dvalarsveitar tilkynni heimilissveit umsækjanda um skráningu, sem þar fer fram. Atvinnulaus maður, sem leitar eftir atvinnu utan heimilissveitar sinnar, þarf því ekki að óttast, að hann glati bótarétti sínum vegna þess, að hann hafi ekki átt þess kost að skrá sig í heimasveit sinni.

### Um 5. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir sameiginlegu eyðublaði fyrir skráningu hjá vinnumiðlun og fyrir umsókn um bætur. Þetta virðist spara tvíverknað og vera til mikillar hagræðingar bæði fyrir þá, sem annast vinnumiðlun, og þá, sem annast útlutun atvinnuleysisbóta.

### Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

### Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.